

Fróðlegt yfirlit um Búsáaldabyltinguna

Bókarhöfundur: **Stefán Gunnar Sveinsson.**

Bókarheiti: **Búsáaldabyltingin, sjálfspróttin eða skipulögð.**

Gagnrýnandi: **Baldvin Bergsson**, doktorsnemi í stjórnmálafræði.

Útgáfa: **Almenna Bókafélagið, 2013, 240 bls.**

Í umsögn gagnrýnanda kemur meðal annars eftirfarandi fram:

„Bók Stefáns Gunnars er lipurlega skrifuð og afar læsileg. Hún er fróðlegt yfirlit um atburði þessa tíma, studd með fjölmörgum heimildum og viðtölum... Á heildina litið má mæla með bókinni því hún færir okkur vissulega nokkur púsl sem fylla upp í myndina af Búsáaldabyltingunni.“

Þegar litið er yfir þær bækur sem hafa komið út um aðdraganda og afleiðingar efnahags-
hrunsins má gróflega skipta þeim í þrjá flokka. Í þann fyrsta má setja nokkurs konar
yfirlitsbækur, í öðrum flokknum eru minningarbækur þeirra sem tengdust atburðinum
og í þriðja lagi eru bækur sem virðast skrifaðir til að styðja við ákveðinn málstað eða
sjónarhorn. Búsáaldabyltingin – sjálfspróttin eða skipulögð eftir Stefán Gunnar Sveins-
son fellur í þriðja flokkinn. Segja má að tvö stef séu ráðandi í gegnum bókina. Annars
vegar að framkoma mótmælenda hafi farið út fyrir öll mörk og að lögreglan hafi brugðist
við á yfirvegaðan hátt og reyndar gengið skemur fram en búast hefði mátt við. Hins
vegar að framkoma ákveðins hóps innan Vinstri grænna hafi verið ámælisverð og ýtt
undir þau átök sem brutust út.

Varðandi þátt Vinstri grænna í Búsáaldabyltingunni kemst höfundur ekki að neinni
afdráttarlausri niðurstöðu. Hann segir að hún hafi verið skipulögð í þeim skilningi að
áhrifamikil öfl í samfélaginu hafi séð hag sinn í því að ýta undir hana. Hins vegar hafi
enginn einn hópur skipulagt aðgerðirnar heldur hafi vonbrigði og áföll þjóðar birst með
þessum hætti. Geir Haarde segir í viðtali við höfund bókunnar að á fundi með Stein-
grími J. Sigfússyni þann 3. október 2008 hafi hinn síðarnefndi sagt að Vinstri grænir
kynnu að skipuleggja mótmæli. Þessi orð eru hins vegar ekki borin undir Steingrím J.
sem verður að teljast ákveðinn galli. Að sama skapi er það galli á bókinni að ekki hafi
verið rætt við Álfheiði Ingadóttur sem er borin hvað þungstum sökum. Það er einkum



þátttaka hennar í mótmælum fyrir framan lögreglustöðina á Hverfisgötu og framkoma við lögreglumenn í Alþingishúsinu sem höfundi finnst ámælisverð. Í viðtöllum við bæði nafngreinda og ónafngreinda lögreglumenn og þingmenn er framkomu hennar lýst og vitnað í ummæli sem hún lét falla. Þá er vísað til þess að hún hafi rætt við mótmælendur fyrir utan Alþingishúsið í síma. Sjálf hefur Álfheiður þverttekið fyrir að hafa beitt sér óeðlilega og eftir að bókin kom út sagði hún í viðtali við DV að þetta væru sömu lygar og komið hefðu frá þremur til fjórum einstaklingum.

Ekki verður lagður dómur hér á framkomu Álfheiðar gagnvart lögreglumönnum innan þinghússins og lesendur hvattir til að draga sínar eigin ályktanir. Hins vegar er ekki hægt að draga þá niðurstöðu af þeim upplýsingum sem koma fram í bókinni að Álfheiður hafi stjórnað mótmælendum á Austurvelli eins og gefið hefur verið í skyn opinberlega. Þá eru ásakanir um að mótmælendur hafi fengið upplýsingar innan úr Alþingishúsinu um flutning á föngum úr kjallara Alþingishússins afar veikar svo ekki sé sterkar að orði kveðið. Fangarnir voru fluttir í gegnum göng og að nærliggjandi húsi við Kirkjustræti og þaðan út í lögreglubíla sem ekið var á móti umferð inn götuna. Ekkert af þeim viðtöllum eða gögnum sem birt eru í bókinni sanna að þingmaður hafi hringt í mótmælendur og sagt þeim hvað stæði til. Reyndar er afskaplega auðvelt að draga þá ályktun að einhver mótmælenda hafi einfaldlega séð bílana koma, varað félagá sína við og þeir hafi svo hlaupið þessa u.þ.b. 200 metra frá þinghúsinu að lögreglubílunum. Þegar alvarlegar ásakanir eru bornar upp á menn er ekki nóg að gefa hluti í skyn heldur verður að styðja þá með gildum gögnum. Það tekst höfundi ekki í þessum hluta bókarinnar.

Greinileg samúð með lögreglunni

Öllu athyglisverðara er hins vegar að lesa um upplifun lögreglumanna af mótmælunum og lýsingar þeirra á bæði aðstæðum og eigin tilfinningum. Þess ber að geta að Ingólfur V. Gíslason, lektor við Félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands kynnti svipaða rannsókn á Þjóðarspeglinum 2013 og niðurstöður hans styrkja það sem kemur fram í bók Stefáns Gunnars. Tvennt skal nefnt hér sem vekur athygli þótt fleira mætti telja til. Annars vegar hversu persónulega lögreglumennirnir tóku því þegar mótmælendur reyndu að brjótast inn á lögreglustöðina við Hverfisgötu. Það hafi í raun verið áráð á þeirra annað heimili og þeim fundist yfirmenn sínir sýna mótmælendum allt of mikla linkind. Hins vegar hversu mikla samúð lögreglumenn höfðu með hinum almenna mótmælenda þótt hún hafi ekki náð til þeirra sem lengst gengu fram. Í bókinni eru sagðar nokkrar sögur af samskiptum lögreglumanna og mótmælenda sem sýna mátt mannlegra samskipta og aflið sem fellst í því að tala saman.

Þessi hluti er afskaplega athyglisverður þótt ekki sé þar með sagt að allar aðgerðir eða ákvarðanir lögreglunnar á þessum tíma hafi verið réttar og reyndar er bókin á stundum helst til of gagnrýnislaus á lögregluna. Til dæmis væri fróðlegt að skoða hvaða áhrif það hafði á lögreglumenn að sjá á Austurvelli þá sem áður réðust inn í lögreglustöðina og þar með inn á það sem þeir kölluðu sitt annað heimili. Það sýndi sig hins vegar í mótmælunum að almenningur studdi ekki ofbeldi og lögreglan er áfram sú stofnun samfélagsins

sem nýtur einna mests trausts. Það hlýtur að teljast viðurkenning á störf umlögreglunnar í Búsáhaldabyltingunni.

Bók Stefáns Gunnars er lipurlega skrifuð og afar læsileg. Hún er fróðlegt yfirlit um atburði þessa tíma, studd með fjölmörgum heimildum og viðtölum. Yfirleitt er heimildanotkun góð, en á nokkrum stöðum hefði farið betur á því að vísa í frumheimildir. Þar virðist höfundur taka afstöðu með skoðunum annarra, án þess að rökstyðja hvers vegna hann fari þá leið í stað þess að draga eigin ályktanir. Viðtöl höfundar eru áhuga-verð og gefa nýjar upplýsingar um atburðarrásina. Frásögn Harðar Torfasonar er til að mynda mjög merkileg og ástæða er til að hrósa höfundi fyrir að nýta sér upplýsingar af ýmsum Facebook síðum sem stofnaðar voru á þessum tíma. Á heildina litið má mæla með bókinni því hún færir okkur vissulega nokkur púsl sem fylla upp í myndina af Búsáhaldabyltingunni. Fróðlegt væri að sjá svipaða bók, skrifaða frá sjónarhorni þeirra sem stóðu gegnt lögreglunni.

